

coverlock™ 3.0

PFAFF®

Leiðarvísir



ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28.

Rafmagnstenging

Rafmagnsspennan verður að vera sú sama og gefin er upp á kennispjaldinu.

Öryggisatriði

- Þessi saumavél er ekki ætluð til notkunar þeirra (börn þar með talin) sem eru líkamlega eða andlega skert eða með skerta skynjun, eða sem hafa ekki til þess kunnáttu eða reynslu, nema að þau hafi fengið leiðbeiningar og kennslu um notkun saumavélarinnar hjá aðila sem er ábyrgur fyrir öryggi þeirra.
- Hafa ætti eftirlit með börnum til að tryggja að þau leiki sér ekki að saumavélinni.
- Skiljið saumavélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn.
- Takið saumavélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hætt er að nota hana, og eins þegar verið er að hreinsa hana.
- Slökkvið ávallt á vélinni ("0") þegar unnið er nálægt nálarvæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipt er um nál, saumfót eða spólan sett í o.s.frv.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslurnar eða klærnar á þeim eru skemmdar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísir vélarinnar og notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.
- Takið vélina ávallt úr sambandi þegar skipta þarf um peru í vélinni. Notið ávallt samskonar gerð af peru og var í vélinni, (volt og wött).



Vinsamlegast athugið að þegar vélinni verður fargað þá ber að farga henni í samræmi við gildandi reglur í því landi sem gilda fyrir rafmagnstæki af þessari gerð. Ef þið eruð í vafa hafið þá samband við viðkomandi PFAFF umboð.

Innihald

Inngangur

Hlutir vélarinnar	4
Fylgihlutir	5
Aukalega fáanlegir hlutir frá INSPIRA™	6

Undirbúningur

Fótmótstaðan tengd við vélina og vélina við rafmagn	7
Tvinnastandurinn settur á	7
Útdraganlegar tvinnastýringar dregnar upp	7
Lokið framan á vélinni	8
Opna	8
Loka	8
Afklippubakkinn settur á	8
Fótskyftan	8
Skipt um saumfót	8
Nálar - upplýsingar	9
Skipt um nálar	9
Hreyfanlegur efri hnífur	9
Tekinn úr sambandi - staða B	9
Settur í samband - staða A	9
2-práða overlock sporbreytir	10
Settur á	10
Tekinn af	10
Efri grípari	10
Tekinn úr sambandi	10
Settur í samband	10
Breytt fyrir þekjusaum - borð B	10
Stilling á saumtungu	11

Þræðing

Almennar upplýsingar um þræðingar	11
Þræðing á efri grípara (rauð)	12
Þræðing á neðri grípara (gul)	13
Þræðing á keðjusaumsgrípara (fjólublár)	14
Þræðing á hægri nál (græn)	15
Þræðing á vinstri nál (blá)	16
Þræðing á keðjusaums-nál	17
Þræðing á þekjusaums-grípara	18
Þræðari fyrir nál	21
Skipt um tvinna	21

Saumar og saumataekni

Yfirlit yfir sauma	22
Byrjað að sauma	28
Staðsetning á tituprjónum	28
Keðjað út af efninu	28
Rúllufaldur	29
Þekjusaumur	29
Stillingar á vél	29
Byrjað að sauma	29
Gengið frá lok á þekjusaum	29
Flatsaumur (Flatlock)	30
Venjulegur flatsaumur	30
Skrautlegur flatsaumur	30
Stiga-saumur	30
Keðjusaumur	31
Stillingar á vél	31
Byrjun og lok á saum	31
Ýmsar ráðleggingar um saum	31
Lekasaumur	31
Saumað í hring	31
Gengið frá tvinna í lok saums	31
Snúrusaumur	31

Stillingar á saumum


Stilling á saumbreidd	32
Með því að skipta um nálarstöðu	32
Með spor eða skurðarbreiddarstillinum	32
Stilling á fótþrýsting	32
Stilling á sporlengd	32
Stilling á mismunaflutning	33
Efninu þjappað saman (stretch, prjónuð efni)	33
Teygja á efninu (þunn efni)	33
Fínstillingar á tvinnaspennum	34

Viðhald og umhirða


Viðhald á vélinni	36
Hreinsun	36
Smurning	36
Skipt um efri hreyfanlega hnífinn	36
Skipt um peru	37
Geymsla á vél	37
Þjónusta fyrir vél	37

Gangtruflanir og ráð við þeim	38
Tæknilegar upplýsingar	39
Vitsmunalegar eignir	39

Hlutir vélarinnar



1. Hækkanlegur tvinnastóll
2. Handfang
3. Fínstilling á tvinnaspennu fyrir vinstri nál (blá)
4. Fínstilling á tvinnaspennu fyrir hægri nál (græn)
5. Fínstilling á tvinnaspennu fyrir efri grípara (rauð)
6. Fínstilling á tvinnaspennu fyrir neðri grípara (gul)
7. Fínstilling á tvinnaspennu fyrir keðjusaumsgrípara (fjólublá)
8. Stingpklata
9. Flöt borðframlenging
10. Lok A yfir hnífum
11. Lok framan á vél
12. Aðalrofi fyrir rafmagn og ljós
13. Tengill fyrir fótmtöstöðu og rafmagn
14. Handhjól
15. Stillir fyrir sporlengd
16. Spólustandur
17. Kónahöldur
18. Sjálfvirk tvinnaspenna (tvsp)
19. Keflispinnar



20. Stillir fyrir þrýsting á saumfót
21. Tvinnahnífur
22. Fótlyfta
23. Gat fyrir framlengingarborð
24. Stillir fyrir mismunaflutning
25. Fóthalda
26. Saumfótur
27. Stillir fyrir skurðarbreidd

28.Hreyfanlegur efri hnífur

29.Stillir fyrir sportungu

30.Fastur neðri hnífur

31.Keðjusaums/þekjusaums grípari


32.Neðri grípari

33.Efri grípari

34.2-þráða sporbreytir

35.Kúplingingur fyrir efri grípara

36.Keðju/þekjusaums tvinnastýring



Fylgihlutir

Hlutirnir eru í hólfinu fyrir fylgihlutina.

1. Hólf fyrir fylgihluti

2. Skrufjárn

3. Auka hnífur (hreyfanlegur efri hnífurinn)

4. Skífur fyrir tvinnakefli (5)

5. Net fyrir tvinnakefli (5)

6. Olía

7. 6-kant lykill

8. Pinsetta

9. Borð B fyrir þekju og keðjusauma

10.Kónahöldur (5)

11.Yfirbreiðsla

12.Hreinsibursti


13.Afklippubakki

14.Þræðari fyrir nál

15.Framlengingarborð, ásamt 4 fótum og þrýstipinna (ekki á mynd).


Setjið framlengingarborðið saman eins og teikningin sem fylgir því sýnir. Þrýstipinninn er notaður í litlu götin á borðinu til að halda efninu þegar þið saumið í hring (sjá bls. 31)

16.Nálapakkning (ekki á mynd) af tegund ELx705 með þremur nálum í grófleika 90, og tveimur nálum í grófleika 80. Tvær nálar í grófleika 90 eru í vélinni sjálfri við afhendingu.




Fáanlegir aukahlutir frá INSPIRA™

Hjá umboðsaðilanum er hægt að fá eftirfarandi auka saumfætur fyrir þessa vél. Auðvelt er að smella saumfótunum á fóthölduna og af henni.



Teygjufótur 620 08 65-96

Með teygjufætinum er hægt að stýra og teygja á mjóum teygjum (6-12mm) um leið og hún er saumuð á efnið. Hentar mjög vel á íþróttafatnað og undirfatnað og þar sem þarf að sauma teygju við efni.




Blindföldunar/blúndufótur 620 08 69-96

Hentar fyrir blindföldun og blúndusaum. Blindfaldurinn er saumaður, kastað yfir jaðarinn og hann skorinn í einum saum.

Fótur fyrir perlubönd 620 08 66-96


Perluböndunum er stýrt gegn um rauf á fætinum og auðveldar saum á þeim á fatnað og efni.



Miðseymisfótur 620 08 67-96

Hentar mjög vel til að sauma tilbúið miðseymi inn í sauma og jaðra. Miðseymið er saumað á milli tveggja efna í einum saum. Rauf undir fætinum stýrir miðseyminu. Þið getið einnig búið til ykkar eigið miðseymi.

Með miðseymisfætinum er auðvelt að sauma efni utan um snúru og sauma það síðan á milli tveggja efna.



Fótur fyrir jaðarbönd 620 08 68-96

Með honum er hægt að sauma bönd inn í sauma til að koma í veg fyrir að teygist á þeim og hentar t.d. mjög vel fyrir axlasauma.

Sum efni innihalda mikið magn af litarefnum og þau geta litað frá sér á efni og ekki síst á vélina sjálfa. Það getur verið mjög erfitt og jafnvel ómögulegt að ná þessum litum úr.

Flís og gallabuxnaefni, sérstaklega rauð og blá innihalda oft mikið magn af litarefnum.

Ef ykkur grunar að efnið/flíkin sem þið ætlið að sauma innihaldi mikið magn af litarefnum þá ráðleggjum við ykkur eindregið að þvo þau áður en þið byrjið að sauma.



Fótmótstaðan tengd við vélina og vélina við rafmagn

Fótmótstaðan sem á að nota við þessa vél er

Tegund 4C-345B22 fyrir USA/Kanada

Tegund 4C-345G22 fyrir Evrópu

Tegund 4C-345G25 fyrir Stóra Bretland

Tegund 4C-345G23 fyrir Ástralíu

Áður en þið tengið fótmótstöðuna við vélina, fullvissið ykkur um að hún sé fyrir sama volta fjölda og er á skiltinu neðan á vélinni. Þetta er mismunandi frá landi til lands.

- Tengid snúruna frá móttstöðunni/rafmagninu við tengilinn á vélinni.
- Tengid rafmagnssnúruna við vegg tengil fyrir rafmagn.
- Ýtið aðalrofanum á "1" til að kveikja á vélinni.
- Þrýstið á fótmótstöðuna til að byrja að sauma. Þið notið fótmótstöðuna til að stjórna hraða vélarinnar. Þeim mun þéttar sem þið stígið á fótmótstöðuna, þeim mun hraðar saumar vélina.

Hægra megin á fótmótstöðunni er rennslisrofi (A) þar sem þið getið valið um fullan eða hálftan hraða á vélinni. Ef þið stígið fótmótstöðuna í botn saumar vélina á fullum hraða sem þið hafið stillt á fótmótstöðunni. Til að stöðva vélina takið þið fótinn af móttstöðunni.


- Ýtið aðalrofanum á "0" til að slökkva á vélinni.

Ath: Þegar lokið framan á vélinni er opið kemur öryggisbúnaður í veg fyrir að þið getið saumað á vélina, jafnvel þótt þið stígið fótmótstöðuna í botn.



Tvinnastóll

Setjið tvinnastólinn á vélina og ýtið síðan til hægri eins og sýnt er á myndinni.




Útdraganlegur tvinnastóll

Dragið tvinnastýringarnar á tvinnastólnum út eins hátt og þær komast, snúið þeim síðan þar til þær smella á sinn stað.

Setjið tvinnakeflin eða kónana á keflis eða kónahöldurnar.

Ef vélina er þegar þrædd, sléttið þá úr tvinnunum til að forða því að þeir flækist saman.



Lokið framan á vélinni


Opnið

Ýtið lokinu fyrst til hægri eins langt og það kemst og togið það síðan fram á við.

Lokið


Lyftið lokinu upp á við og þrýstið því síðan til vinstri þar til það læsist.

Ath: Lokið er með öryggisrofa, þannig að ekki er hægt að sauma á vélina ef þetta lok er opið.



Afklippupoki


Staðsetjið vélina þannig að fremri brún hennar sé svo til við jaðar borðsins sem hún er á. Setjið U-löguðu krókana á afklippupokanum utan um gúmmífætuna tvo sem eru undir vélinni. Fullvissið ykkur um að afklippurnar detti ofan í pokann.



Fótlyftan fyrir saumfótinn

Lyftið saumfætinum með því að lækka fótlyftinn aftan á vélinni.

Með því að ýta aðeins fastar á fótlyftinn þá fer saumfóturinn í aukalega hæð frá stingplötunni.




Skipt um saumfót



Slökkvið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi.

1. Lyftið saumfætinum.
2. Snúið handhjólinu fram á við þar til nálarnar eru í efstu stöðu.
3. Ýtið á rauða hnappinn aftan á fóthöldunni til að losa fótinn af höldunni.
4. Lyftið saumfætinum nú enn meira eða í stöðu fyrir þykk efni og þá losnar fóturinn af vélinni.
5. Staðsetjið nýja saumfótinn þannig undir fóthölduna að pinninn á fætinum sé beint fyrir neðan grópina á fóthöldunni og lækkið fóthölduna rólega. Ýtið á rauða hnappinn aftan á fóthöldunni og fóturinn smellur á sinn stað.



Upplýsingar um nálar

Í þessa overlockvél eru notaðar iðnaðarnálar með flötum legg, sem kemur að mestu í veg fyrir að nálin sé sett öfugt í vélina.

Reynið aldrei að nota nálar úr heimilissaumavélum í þessa overlockvél.

Notið INSPIRA™ nálar EL x 705 í stærðum 90 og 80, eins og fylgja með vélinni..

Skipt um nálar



Slökkvið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi við rafmagn.

1. Snúið handhjólinu fram á við þar til nálar eru í efstu stöðu.
2. Setjið þykkt efni undir saumfótinn. Lækið nálar þar til þær fara til hálfs ofan í efnið.
3. Með sexkantlyklinum losið þið nú en fjarlægið ekki skrúfuna sem heldur viðkomandi nál og haldið um leið lauslega við nálinu.

Ath: Þegar þið setjið nálar í A og/öð B nálarhölduna er nauðsynlegt að losa um báðar skrúfurnar fyrir A og B nál.

4. Fjarlægið viðkomandi nál.
5. Setjið nýja nál í hölduna og gætið þess að flati kanturinn á henni snúi aftur eða frá ykkur.
6. Setjið nálina eins hátt og hún kemst í hölduna.
7. Herðið síðan vel á viðkomandi nálar-skrúfu.

Ath: Herðið skrúfuna samt ekki um of til að skemma ekki skrúfuna eða nálarhölduna.

Hreyfanlegi efri hnífurinn

Takið hreyfanlega efri hífinn úr sambandi. (Staða B)




Slökkvið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi.

- Snúið handhjólinu fram á við þar til efri hreyfanlegi hnífurinn er í efstu stöðu.
- Opnið lokið framan á vélinni.
- Togið í hreyfanlega hnappinn til hægri eins langt og hægt er (1).
- Snúið hnappnum rangsælis í áttina að ykkur (2) þar til hann smellur í læsta stöðu (A).




Settur aftur í samband - A

Kveikið aftur á vélinni og setjið hana í samband við rafmagn.

- Opnið fremra lokið og togið hnappinn til hægri eins langt og hann kemst (1).
- Snúið hnappnum nú réttsælis (2) þar til hann smellur á skurðarstöðu A.



- A. Overlock vinstri nál
- B. Overlock hægri nál
- C. Þekjusaums vinstri nál
- D. Þekjusaums miðju nál
- E. Þekjusaums hægri nál



Sporbreytir fyrir 2ja þráða overlock

Setjið sporbreytinn fyrir 2ja þráða overlock í samband.



Slökkvið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi.

2ja þráða overlock saumur er aðeins saumaður með einum nálartvinna og tvínnanum í neðri gríparanum. Áður en byrjað er að sauma verður að setja 2ja þráða sporbreytinn á efri gríparann.

1. Opnið lokið framan á vélinni.
2. Lyftið hvíta handfanginu á sporbreytinum þannig að þið getið stungið endanum á sporbreytinum (A) í augað (B) á efri gríparanum.

Sporbreytirinn tekinn úr sambandi



Slökkvið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi.

Lækkið hvíta handfangið á sporbreytinum til að fjarlægja krókinn (A) úr auganu (B) á efri gríparanum.

Efri gríparinn

Pegar sauma á þekjusaum og keðjusaum þarf að taka efri gríparann úr sambandi.

Efri gríparinn tekinn úr sambandi

- Snúið handhjólinu þar til efri gríparinn (A) er í lægstu stöðu.
- Ýtið á tengiarminn (B) til hægri og aftur á bak þar til staða C er sýnileg séð framan frá.






Efri gríparinn settur aftur í samband

- Snúið handhjólinu þar til efri gríparinn (A) er í lægstu stöðu.
- Togið í tengiarminn (B) í áttina að ykkur þar til staða S er sýnileg séð framan frá.

Breytt fyrir þekjusaumsborð B

Pegar þið saumið keðju eða þekjusaum þá notið þið aukalega borðið B.



- Lyftið hakinu (1) til að losa um lokið (A) yfir hnífnum og togið það fram á við.
- Setjið þekjusaumsborðið B á með því að láta pinnana tvo (2) í götin (3) og fullvissið ykkur um að hakið (4) smelli á sinn stað.



Stillir fyrir saumtungu

Þessi stillir fyrir saumtunguna á að vera stilltur á N fyrir flest alla sauma. Þegar þið saumið rúllufald þarf hins vegar að stilla hann á R.

Þegar þið færið þennan stilli þarf að gæta þess að hann sé færður alla leið í hvora áttina sem er.



Almennar upplýsingar um þræðingar

Þræðimynd í litum er innan á lokinu framan á vélinni. Byrjið ávallt á því að þræða gríparana og síðan hægri og vinstri nálina.

Skóðið töfluna hér að neðan, en þar eru ráðleggingar um hvaða tvinna og nálar á að nota fyrir hin ýmsu efni.

Rád: Nýja overlockvélin er þrædd og stillt á venjulegan overlock saum. Hnýtið tvinna ykkar við tvinnaendana sem eru í vélinni og togið þá varlega í gegn um þræðingar vélarinnar þegar þið ætlið að sauma í fyrsta sinn.




Ath: Ef þræðingin fer úr neðri gríparanum farið þá þannig að:

1. Afþræðið nálarnar
2. Þræðið neðri gríparann
3. Þræðið nálarnar aftur

Efni	Þunn efni (kjólaefni, krep, o.s.frv..)	Meðalþykk efni (baðmull, léreft, buxnaefni, ull, satin o.s.frv.)	Þykk efni (denim, jersey, tweed o.s.frv.)
Nálar	#80	#90	#90
Tvinni	Polyester (spunnnin þráður)) Snúinn tvinni #60/2 - #100/3 Snúinn tvinni #80/3 - #100/3	Snúinn tvinni #60/2	Snúinn tvinni #50/2 - #60/2

Þræðing á efri grípara (rauð)


- Lyftið saumfætinum til að losa um spennu á tvinnaspennunum
- Þræðið tvinnann aftan frá í gegn um tvinnastýringuna á tvinnastólnum (1).
- Þræðið tvinnann síðan í stýringuna ofan á vélinni. Togið tvinnann til vinstri þannig að hann fari undir stýringuna. Togið hann síðan hægra megin við stýringuna eins og sýnt er (2).
- Lyftið handfanginu og þræðið tvinnann undir það. Um leið og þið haldið í tvinnann með báðum höndum, þræðið þið hann á milli diskanna í tvinnaspennunni og togið tvinnann niður á við til að fullvissa ykkur um að hann fari á milli skífanna (3).



- Þræðið gríparasvæðið með því að fara eftir litamyndunum fyrir þræðingarnar og nú farið þið eftir þeirri rauðu (4-9).


Notið pinsettuna til að þræða í gatið á efri gríparanum aftan frá og fram á við (9).

- Togið u.þ.b. 10 cm. af tvinna í gegn um gríparaaugað og leggið hann síðan aftur undan stingplötunni.





Þræðing á neðri grípara (gul)


- Lyftið saumfætinum til að losa um spennuna á tvinnaspennunum.
- Þræðið tvinnann aftan frá í gegn um tvinnastýringuna á tvinnastólnum (1).
- Þræðið tvinnann síðan í stýringuna ofan á vélinni. Togið tvinnann til vinstri þannig að hann fari undir stýringuna. Togið hann hægra megin við stýringuna síðan til hægri eins og sýnt er (2).
- Lyftið handfanginu og þræðið tvinnann undir það. Um leið og þið haldið í tvinnann með báðum höndum, þræðið þið hann á milli diskanna í tvinnaspennunni og togið tvinnann niður á við til að fullvissa ykkur um að hann fari á milli skifanna (3).



- Snúið handhjólinu fram á við þar til neðri gríparinn kemur ca. 10 mm. út fyrir stingplötubrúnina.
- Þræðið gríparann með því að fara eftir gulu þræðimyndinni og þræðingunum (4-10).
- Setjið tvinnann í gegn um tvinnastýringuna (4).
- Setjið tvinnann í hægri raufina á tvinnastýringunni (5).



- Til að þræða í síðustu stýringuna (9), togið ca. 10 cm. af tvinnna í gegn um stýringu (8).




Ráð: Með því að færa stillinn fyrir saumtunguna á R verður þræðingin auðveldari. Munið að færa stillinn aftur yfir á N þegar þið eruð búin að þræða.

Valkostur 1

Setjið tvinnann í "V" raufarnar (A) á þræðiarminum. Togið þræðiarminn (B) upp og aftur til baka til að láta tvinnann smella inn í tvinnastýringuna (9). Þræðið gríparaugað (10) framan frá og notið pinsettu

9



Valkostur 1

Valkostur 2

Valkostur 2

Þræðið augað á gríparanum (10) framan frá og notið pinsettu við það. Fullvissið ykkur um að tvinninn fari í "V" raufarnar (A) á þræðiarminum. Haldið fast um tvinnnaendann með vinstri hendinni og togið þræðiarminn (B) upp á sinn stað og til baka aftur til að láta tvinnann smella inn í tvinnastýringuna 9.

Þræðing á keðjusaumsgrípara (fjólublá)

- Lyftið saumfætinum til að losa um spennu á tvinnaspennunum.
- Þræðið tvinnann aftan frá í tvinnastýringuna á tvinnastólnum (1).
- Þræðið tvinnann síðan í stýringuna ofan á vélinni. Togið tvinnann til vinstri þannig að hann fari undir stýringuna. Togið hann hægra megin við stýringuna, síðan til hægri eins og sýnt er á myndinni (2).
- Lyftið handfanginu og þræðið tvinnann undir það. Um leið og þið haldið í tvinnann með báðum höndum, þræðið þið hann á milli diskanna í tvinnaspennunni og togið tvinnann niður á við til að fullvissa ykkur um að hann fari á milli skífanna (3).

- Snúið handhjólinu fram á við þar til keðjusaumsgríparinn er lengst til hægri.
- Þræðið gríparasvæðið með því að fara eftir fjólubláu þræðimyndunum og þræðingunum (4-11).
- Setjið tvinnann í gegn um tvinnastýringuna (4).
- Setjið tvinnann í gegn um fremri raufina á tvinnastýringunni (5).


- Þræðið í stýringuna fyrir keðjusauminn (8) með því að halda tvinnanum fyrir framan tvinnastýringarpinnann og toga tvinnann síðan til baka og upp á við þar til hann er kominn í lykkjuna á tvinnastýringunni og undir gorminn.
- Togið ca 10 cm af tvinna í gegn um tvinnastýringuna (9) til að þræða í síðustu tvinnastýringuna (10).

Valkostur 1

- Setjið tvinnann í "V" raufarnar (A) á þræðiarminum. Togið þræðiarminn (B) upp og aftur til baka til að láta tvinnann smella inn í tvinnastýringuna (10). Þræðið gríparaugað (11) framan frá og notið pinsettu.

Valkostur 2

- Þræðið augað á gríparanum (11) framan frá og notið pinsettu við það. Fullvissið ykkur um að tvinninn fari í "V" raufarnar (A) á þræðiarminum. Haldið fast við tvinnaendann með vinstri hendinni og togið þræðiarminn (B) upp á sinn stað og til baka aftur til að láta tvinnann smella inn í tvinnastýringuna (10).



Þræðing á hægri nál

(græn, B á nálarhöldu)

- Lyftið saumfætinum til að losa um tvinnaspennurnar.
- Þræðið tvinnann aftan frá í gegn um tvinnastýringuna á tvinnastólnum (1).




- Þræðið næst í tvinnastýringuna með því að toga tvinnann aðeins til vinstri þar til hann smellur undir stýringuna.

Togið tvinnann síðan meðfram hægri brún hnappsins eins og sýnt er (2).

- Lyftið handfanginu á vélinni upp og þræðið tvinnann undir það. Haldið um tvinnann með báðum höndum og setjið hann á milli diskanna í yfirtvinnaspennunni og togið tvinnann síðan niður á við til að fullvissa ykkur um að hann fari örugglega á milli diskanna í spennunni (3).

- Haldið áfram að þræða í þræðingarnar (4-8).
- Rennið tvinnann í aftari raufina á tvinnastýringunni (5) og í raufina á lokinu yfir þráðgjafanum (6). Þaðan farið þið svo í hægri raufina á þræðingum (7) og (8).

- Áður en þið þræðið augað á nálinni, aðgætið fyrst að tvinninn sé á bak við tvinnastýringuna sem er neðst á nálarhöldunni.
- Þræðið augað á nálinni (9). Notið þræðarann fyrir nálina (sjá bls. 21) til að auðvelda þræðinguna.
- Togið u.þ.b. 10 cm af tvinna í gegn um nálaraugað og látið hann síðan vera lausan.
- Leggið tvinnann aftur undan saumfætinum.



Þræðing á vinstri nál

(blá, A á nálarhöldunni)





- Lyftið saumfætinum til að losa um tvinnaspennurnar.
- Þræðið tvinnann aftan frá í gegn um tvinnastýringuna á tvinnastólnum (1).
- Þræðið næst í tvinnastýringuna með því að toga tvinnann aðeins til vinstri þar til hann smellur undir stýringuna.

Togið tvinnann síðan meðfram hægri brún hnappsins eins og sýnt er (2).

- Lyftið handfanginu á vélinni upp og þræðið tvinnann undir það. Haldið um tvinnann með báðum höndum og setjið hann á milli diskanna í yfirtvinnaspennunni og togið tvinnann síðan niður á við til að fullvissa ykkur um að hann fari örugglega á milli diskanna í spennunni (3).

- Haldið áfram að þræða í þræðingarnar (4-8).
- Rennið tvinnann í miðraufina á tvinnastýringunni (5) og í raufina á lokinu yfir þráðgjafanum (6). Þaðan farið þið svo í miðraufarnar á þræðingum (7) og (8).




- Áður en þið þræðið augað á nálinni, aðgætið fyrst að tvinninn sé á bak við tvinnastýringuna sem er neðst á nálarhöldunni.
- Þræðið augað á nálinni (9). Notið þræðarann fyrir nálina (sjá bls. 21) til að auðvelda þræðinguna.
- Togið u.þ.b. 10 cm af tvinna í gegn um nálaraugað og látið hann síðan vera lausan.
- Leggið tvinnann aftur undan saumfætinum.




Þræðing á keðjusaumsnálinni

(blá, D á nálarhöldunni)

- Lyftið saumfætinum til að losa um tvinnaspennurnar.
- Þræðið tvinnann aftan frá í gegn um tvinnastýringuna á tvinnastólnum (1).
- Þræðið næst í tvinnastýringuna með því að toga tvinnann aðeins til vinstri þar til hann smellur undir stýringuna.
Togið tvinnann síðan meðfram hægri brún hnappsins eins og sýnt er (2).
- Lyftið handfanginu á vélina upp og þræðið tvinnann undir það. Haldið um tvinnann með báðum höndum og setjið hann á milli diskanna í yfirtvinnaspennunni og togið tvinnann síðan niður á við til að fullvissa ykkur um að hann fari örugglega á milli diskanna í spennunni (3).



- Haldið áfram að þræða í þræðingarnar (4-8).
- Rennið tvinnannum í miðraufina á tvinnastýringunni (5) og í raufina á lokinu yfir þráðgjafanum (6). Þaðan farið þið svo í miðraufarnar á þræðingum (7) og (8).



- Áður en þið þræðið augað á nálinni, aðgætið fyrst að tvinninn sé á bak við tvinnastýringuna sem er neðst á nálarhöldunni.
- Þræðið augað á nálinni (9). Notið þræðarann fyrir nálina (sjá bls. 21) til að auðvelda þræðinguna.
- Togið u.þ.b. 10 cm af tvinna í gegn um nálaraugað og látið hann síðan vera lausan.
- Leggið tvinnann aftur undan saumfætinum.





Þræðing á þekjusaumsnálunum

Ath: Þræðið nálarnar í eftirfarandi röð: hægri (E), miðnálina (D), vinstri (C)

Þræðing á hægri þekjusaumsnálinni (rauð, E á nálarhöldunni)



- Lyftið saumfætinum til að losa um tvinnaspennurnar.
- Þræðið tvinnann aftan frá í gegn um tvinnastýringuna á tvinnastólnum (1).
- Þræðið næst í tvinnastýringuna með því að toga tvinnann aðeins til vinstri þar til hann smellur undir stýringuna. Togið tvinnann síðan meðfram hægri brún hnappsins eins og sýnt er (2).
- Lyftið handfanginu á vélinni upp og þræðið tvinnann undir það. Haldið um tvinnann með báðum höndum og setjið hann á milli diskanna í yfirtvinnaspennunni og togið tvinnann síðan niður á við til að fullvissa ykkur um að hann fari örugglega á milli diskanna í spennunni (3).
- Haldið áfram að þræða í þræðingarnar (4-8).
- Rennið tvinnanum í miðraufina á tvinnastýringunni (5) og í raufina á lokinu yfir þráðgjafanum (6). Þaðan farið þið svo í miðraufarnar á þræðingum (7) og (8).

- Áður en þið þræðið augað á nálinni, aðgætið fyrst að tvinninn sé á bak við tvinnastýringuna sem er neðst á nálarhöldunni.
- Þræðið augað á nálinni (9). Notið þræðarann fyrir nálina (sjá bls. 21) til að auðvelda þræðinguna.
- Togið u.þ.b. 10 cm af tvinna í gegn um nálaraugað og látið hann síðan vera lausan.
- Leggið tvinnann aftur undan saumfætinum.




Þræðing á mið keðju/þekjusaumsnál (græn, D á nálarhöldu)

- Lyftið saumfætinum til að losa um tvinnaspennurnar.
- Þræðið tvinnann aftan frá í gegn um tvinnastýringuna á tvinnastólnum (1).
- Þræðið næst í tvinnastýringuna með því að toga tvinnann aðeins til vinstri þar til hann smellur undir stýringuna. Togið tvinnann síðan meðfram hægri brún hnappsins eins og sýnt er (2).
- Lyftið handfanginu á vélini upp og þræðið tvinnann undir það. Haldið um tvinnann með báðum höndum og setjið hann á milli diskanna í yfirtvinnaspennunni og togið tvinnann síðan niður á við til að fullvissa ykkur um að hann fari örugglega á milli diskanna í spennunni (3).
- Haldið áfram að þræða í þræðingarnar (4-8).
- Rennið tvinnanum í miðraufina á tvinnastýringunni (5) og í raufina á lokinu yfir þráðgjafanum (6). Þaðan farið þið svo í miðraufarnar á þræðingum (7) og (8).



- Áður en þið þræðið augað á nálinni, aðgætið þá fyrst að tvinninn sé á bak við tvinnastýringuna sem er neðst á nálarhöldunni.
- Þræðið augað á nálinni (9). Notið þræðarann fyrir nálina (sjá bls. 21) til að auðvelda þræðinguna.
- Togið u.þ.b. 10 cm af tvinna í gegn um nálaaugað og látið hann síðan vera lausan.
- Leggið tvinnann aftur undan saumfætinum.



Þræðing á vinstri þekjusaumsnál

(blá, C á nálarhöldu)





- Lyftið saumfætinum til að losa um tvinnaspennurnar.
- Þræðið tvinnann aftan frá í gegn um tvinnastýringuna á tvinnastólnum (1).
- Þræðið næst í tvinnastýringuna með því að toga tvinnann aðeins til vinstri þar til hann smellur undir stýringuna.

Togið tvinnann síðan meðfram hægri brún hnappsins eins og sýnt er (2).

- Lyftið handfanginu á vélini upp og þræðið tvinnann undir það. Haldið um tvinnann með báðum höndum og setjið hann á milli diskanna í yfirtvinnaspennunni og togið tvinnann síðan niður á við til að fullvissa ykkur um að hann fari örugglega á milli diskanna í spennunni (3).

- Haldið áfram að þræða í þræðingarnar (4-8).
- Rennið tvinnann í miðraufina á tvinnastýringunni (5) og í raufina á lokinu yfir þráðgjafanum (6). Þaðan farið þið svo í miðraufarnar á þræðingunum (7) og (8).


- Áður en þið þræðið augað á nálinni, aðgætið fyrst að tvinninn sé á bak við tvinnastýringuna sem er neðst á nálarhöldunni.
- Þræðið augað á nálinni (9). Notið þræðarann fyrir nálina (sjá bls. 21) til að auðvelda þræðinguna.
- Togið u.þ.b. 10 cm af tvinna í gegn um nálaraugað og látið hann síðan vera lausan.
- Leggið tvinnann aftur undan saumfætinum.




Þræðari fyrir nál

Til að auðvelda þræðingu á nálunum fylgir þræðari fyrir nálina með í fylgihlutum vélarinnar.


Snúið handhjólinu og setjið nálarnar í efstu stöðu og setjið saumfótinn niður. Gætið þess að ferhyrndu merkin á þræðaranum snúi upp á við. Leggið tvinnann frá hægri til vinstri í raufina fremst á þræðaranum.



Haldið þræðaranum upp að nálinni. Færið hann síðan niður eftir nálinni að auganu og þrýstið aðeins á hann að nálinni, en við það þrýstir lítill járnpinni tvinnanum í gegn um nálaraugað og býr til lykkju hinum megin.




Notið þræðarann einnig til að toga lykkjuna í gegn um nálaraugað.



Skipt um tvinna

Eftirfarandi leiðbeiningar auðvelda ykkur að skipta um tvinna.

1. Klippið á tvinnann í vélinni þétt upp við tvinnakeflið á tvinnastólnum.
2. Fjarlægið tvinnakeflið og setjið nýtt kefli á tvinnastólinn.
3. Hnýtið nú tvinnaendana frá gamla og nýja tvinnanum saman og klippið endana þannig að þeir verði ekki lengri en 2-3 cm. Athugið að hnúturinn sé nógu sterkur til að halda þótt togað sé í tvinnana.
4. Lyftið saumfætinum til að létta á tvinnaspennunum.
5. Togið nú tvinnana í gegn um vélina - einn lit í einu þar til hnútarnir eru komnir að nálunum. Ef fyrirstaða verður athugið þá hvort tvinnarnir hafi flækst einhvers staðar á leiðinni.
6. Klippið síðan á tvinnana fyrir aftan hnútana og þræðið nálarnar.




Yfirlit yfir sauma


Hér fyrir neðan finnið þið yfirlit yfir alla sauma í Coverlock 3.0. Um leið og þið veljið efni og saum stillir vélin sig sjálfkrafa á tvinnastillingar, sporlengd, mismunaflytjara og þrýsting á saumfót. Taflan sýnir þær stillingar sem þið þurfið að framkvæma sjálf handvirkt. Fyrirfram settu grunngildin fyrir tvinnaspennu á hverjum saum fyrir sig eru okkar ráðleggingar og byggðar á venjulegum kringumstæðum. Það getur því orðið nauðsynlegt að breyta þessum stillingum í samræmi við ykkar efni og tvinna.

Hægt er að ná fram mismunandi saumum með því að sameina sjálfvirku tvinnaspennuna við mismunandi nálarstöður, þræðingar og með því að nota 2ja þráða sporbreytinn.


Skýring á táknum		Nálarstaða	N/R	Stillir fyrir saumtungu
		Sporlengd		2-þráða sporbreytir
		Skurðarbreidd	A/B	Stilling fyrir efri hníf, kúplingsarm og með því að nota hnífvörn A eða þekjusaumsborð B
		Mismunaflytjari		

Saumur	tvst					N/R		A/B	Þræðislóð				
									B	G	R	Y	P
	B	A og D	2.5	6.0	1.0	N	Nei	A	•	•	•	•	•





5-þráða breiður öryggissaumur
Til að sauma saman með öryggissaum fyrir innan overlocksauminn og það í einum saum. Sterkur tvílæstur keðjusaumur fyrir innan kastsauminn, sem hentar fyrir saum á fatnaði, bútasaum o.fl.

	A	B og D	2.5	6.0	1.0	N	Nei	A	•	•	•	•	•
--	---	--------	-----	-----	-----	---	-----	---	---	---	---	---	---

5-þráða mjór öryggissaumur
Til að sauma saman með öryggissaum fyrir innan overlocksauminn og það í einum saum. Sterkur tvílæstur keðjusaumur fyrir innan kastsauminn, sem hentar fyrir saum á fatnaði, bútasaum o.fl.

	A	A og B	2.5	6.0	1.0	N	Nei	A	•	•	•	•	
--	---	--------	-----	-----	-----	---	-----	---	---	---	---	---	--

4-þráða breitt overlock
Fyrir alla sauma þar sem saumurinn þarf að teygjast, eins og hálsmál, hliðarsauma, ermar o.s.frv. Einnig er gott að nota þennan saum við rykkingar, sauma miðseymi með aukalega fánlega miðseymisfætinum, eða teygjur með aukalega fánlega teygjufætinum.

Saumur	tvst					N/R		A/B	Præðislóð				
									B	G	R	Y	P
	I	A og D	2.5	6.0	1.0	N	Já	A	•	•		•	•
4-þráða mjór öryggissaumur Til að sauma saman efni með tvílæstum keðjusaum og tveggja þráða kastsaum í einum saum. Hér þarf að nota 2ja þráða sporbreytinn.													
	I	B og D	2.5	6.0	1.0	N	Já	A	•	•		•	•
4-þráða mjór öryggissaumur Til að sauma saman efni með tvílæstum keðjusaum og tveggja þráða kastsaum í einum saum. Hér þarf að nota 2ja þráða sporbreytinn.													
	B	A	2.5	6.0	1.0	N	Nei	A	•		•	•	
3-þráða breitt overlock Sauma saman tvö lög af teygjanlegu efni eða kasta jaðar á þunnu eða meðalþykku einföldu efni. Notið grófari tvinna í gríparana til að mynda fallegan skrautborða. (Hafið aðra hendina fyrir aftan saumfótinn togið lauslega og hægt í tvinnakeðjuna um leið og þið saumið, og reynið að hafa sömu spennu og þegar saumað var á efnið.)													
	A	B	2.5	6.0	1.0	N	Nei	A		•	•	•	
3-þráða mjótt overlock Til að sauma tvö lög af teygjanlegu efni eða kastsaum á þunnt einfalt efni. Vinsælt til að búa til falleg lek eða fellingar. Notið skrautlegan tvinna í gríparana, en venjulegan tvinna í nálina. Notið mismunandi liti í gríparana til að ná fram áhugaverðu útliti.													

Saumur	tvsp					N/R		A/B	Þræðislóð				
									B	G	R	Y	P
	A	B	1.5	6.0	1.0	R	Nei	A		•	•	•	

3-þræða mjór jaðarsaumur *

Fyrir jaðarsauma á þunn efni. Skilar fallegum saum á silkislæður, rykkt bönd á púðum, og munnþurrkur. Þræðið gríparana með skrautlegum fínnum tvinna eins og rayon útsaumstvinna nr. 40 til að ná fram fallegum þéttum saum. Lesið meira um þetta á bls. 29.

	F	A	2	6.0	1.0	N	Nei	A	•		•	•	
--	---	---	---	-----	-----	---	-----	---	---	--	---	---	--

3-þræða breiður flatsaumur

Til að sauma teygjanleg efni saman með skrautlegri áferð með flatsaums útliti eða stigaútliti. Náið fram skrautlegri áferð með því að þræða gríparana með skrautlegum tvinna. Lesið meira um þetta á bs. 30.

	F	B	2	6.0	1.0	N	Nei	A		•	•	•	
--	---	---	---	-----	-----	---	-----	---	--	---	---	---	--

3-þræða mjór flatsaumur

Til að sauma teygjanleg efni saman með skrautlegri áferð, annaðhvort með flatsauminn eða stigasauminn á réttunni. Náið fram skrautlegum áhrifum með því að þræða gríparana með skrautlegum tvinna. Lesið meira um þetta á bls. 30.

	G	A og B	2	6.0	1.0	N	Já	A	•	•		•	
--	---	--------	---	-----	-----	---	----	---	---	---	--	---	--





3-þræða teygjanlegt overlock

Til að sauma saman mjög teygjanleg efni. Aukið við teygjanleikann með því að hafa teygjanlegan tvinna í grípurunum. Breytið tvinnaþennunum í samræmi við það.


* Ekki mælt með þessum saum fyrir þykk ofin efni, eða meðal og þykk teygjanleg efni.

Saumur	tvsp					N/R		A/B	Þræðislóð				
									B	G	R	Y	P
	C	B	1	6.0	1.0	R	Nei	A		•	•	•	
3-þráða rúllufaldur* Til að sauma jaðarsaum á þunn efni. Falleg áferð fyrir silkislæður, rykka borða á púðum og munnþurrkur. Þræðið gríparana með skrautlegum fínnum tvinna eins og rayon útsaumstvinna nr. 40, en nálina með venjulegum tvinna til að ná fram fallegri áferð. Lesið meira um þetta á bls. 29.													
	E	A	2	6.0	1.0	N	Já	A	•			•	
2-þráða breitt overlock Til að kasta jaðra á einföldum þunnum eða meðalþykkum efnum. Hér þarf að nota 2ja þráða sporbreytinn.													
	E	B	2	6.0	1.0	N	Já	A		•		•	
2-þráða mjótt overlock Til að kasta jaðra á einföldum þunnum eða meðalþykkum efnum. Hér þarf að nota 2ja þráða sporbreytinn.													
	E	B	2	6.0	1.0	R	Já	A		•		•	
2-þráða mjór jaðarsaumur* Notist aðeins á þunn efni. Hér þarf að nota 2ja þráða sporbreytinn.													

* Ekki mælt með þessum saum fyrir þykk ofin efni eða meðal og þykk teygjanleg efni..


Saumur	tvsp					N/R		A/B	Þræðislóð				
									B	G	R	Y	P
	E	A	2	6.0	1.0	N	Já	A	•			•	
2-þráða breiður flatsaumur Til að sauma teygjanleg efni saman með skrautlegri áferð annaðhvort með flatsaums eða stigasaums áferð. Náið fram mismunandi áferð með því að þræða gríparana með skrautlegum tvinna. Hér þarf að nota 2ja þráða sporbreytinn. Lesið meira um þetta á bls. 30.													
	G	A	2	6.0	1.0	N	Já	A	•			•	
2-þráða breitt vafið overlock Skrautleg áferð fyrir fatnað og til almenns skrauts.. Hér þarf að nota 2ja þráða sporbreytir.													
	D	B	2	6.0	1.0	N	Já	A		•		•	
2-þráða mjótt vafið overlock Skrautleg áferð á þynnri efni. Notið glæran tvinna á þennan saum til að fá svo til ósýnilegan jaðarsaum. Hér þarf að nota 2ja þráða sporbreytir.													
	B	B	1	6.0	1.0	R	Já	A		•		•	
2-þráða rúllujaðar* Fyrir jaðarsauma á þunn efni. Falleg áferð á silkislæður, rykktar pífur á púðum, og munnþurkum. Þræðið gríparana með fínnum útsaumstvinna eins og rayon nr. 40 til að fá mjög fallegan jaðar. Hér þarf að nota 2ja þráða sporbreytir. Lesið meira um þetta á bls. 29.													

* Ekki hentugt fyrir þykkari ofin efni eða meðal og grófari teygjanleg efni.

Saumur	tvsp					N/R		A/B	Þræðislóð				
									B	G	R	Y	P
	J	C, D og E	2.5	-	1.0	R	Nei	B	•	•	•		•


Prefaldur þekjusaumur

Fyrir falda á teygjanleg efni og skrautsaums áhrif á öll efni. Notið skrautlegan tvinna í grípara til skrauts. Lesið meira um þetta á bls. 29.

	H	C og E	2.5	-	1.0	R	Nei	B	•		•		•
--	---	--------	-----	---	-----	---	-----	---	---	--	---	--	---


Breiður þekjusaumur

Fyrir falda á teygjanleg efni og skrautsaums áhrif á öll efni.. Notið skrautlegan tvinna í grípara til skrauts. Lesið meira um þetta á bls. 29.

	K	C og D	2.5	-	1.0	R	Nei	B	•	•			•
--	---	--------	-----	---	-----	---	-----	---	---	---	--	--	---

Mjór þekjusaumur

Fyrir falda á teygjanleg efni og skrautsaums áhrif á öll efni. Notið skrautlegan tvinna í grípara til skrauts. Lesið meira um þetta á bls. 29.

	D	D	2.5	-	1.0	R	Nei	B		•			•
--	---	---	-----	---	-----	---	-----	---	--	---	--	--	---

Tvílæst keðjuspor

Fyrir allar gerðir af saumum, samansaum á efnum, faldsaum og til að sauma búta saman í bútaum. Einnig hægt að nota sem þræðispor, því það er auðveldlega hægt að rekja þennan saum upp þegar menn hafa fundið rétta endann til þess, og hér þarf aldrei að skipta um spólu ! Notið skrautlegan tvinna til skrauts. Lesið meira um þetta á bls. 31.



Byrjað að sauma

Staðsetning tísuprjóna

Pegar þið notið tísuprjóna til að halda efnunum saman, setjið þá langsum meðfram saumfætinum þannig að engin hætta sé á að þeir fari í hnífa vélarinnar.


 Ef þið saumið yfir tísuprjón þá hafa þeir farið fyrst í hnífana og skemma bitið í þeim.

- Þegar búið er að þræða vélina lokið þið lokinu framan á vélinni og leggið alla tvinnana aðeins til vinstri aftur undan saumfætinum.
- Snúið handhjólinu og fullvissið ykkur um að efri hnífurinn sé í sambandi og strjúkist við neðri hnífinn. Ef hann gerir það ekki athugið þá hvort efnisafgangar séu fastir á milli hnífanna.
- Haldið aðeins í tvinnana og togið mjög lauslega í þá.
- Snúið handhjólinu fram á við tvo til þrjá hringi til að byrja á myndun tvinnakeðjunnar. Fullvissið ykkur um að allir tvinnarnir myndi keðju í kring um sportunguna á stingplötunni. Ef þeir gera það ekki - farið þá yfir þræðingarnar á tvinnunum.
- Haldið lauslega í tvinnaendana um leið og þið stígið lauslega á fótmótstöðuna. Saumið þar til keðjan er orðin 5-8 cm. á lengd.
- Setjið efni undir fremri hluta fótarins og saumið þrúfusaum á efnisbút. Stýrið efninu lauslega með vinstri hendinni meðan þið saumið. Togið alls ekki í efnið þar sem það gæti orsakað að nálin fari í stingplötuna og brotni.



Keðja út af efnisjaðrinum

- Þegar þið komið að endanum á efninu haldið þið áfram að sauma og togið lauslega í tvinnakeðjuna aftur undan fætinum og aðeins til vinstri. Þetta er kallað að keðja út af jaðrinum og kemur í veg fyrir að tvinnarnir flækist og gerir vélina einnig tilbúna fyrir næsta saum.
- Klippið keðjuna síðan ca. 2-5 cm. frá jaðrinum með því að nota tvinnahnífinn sem er staðsettur vinstra megin á vélinni. Togið tvinnana aftan frá í tvinnahnífinn og fram á við.



Ráð: Þegar þið hafið þrætt vélina á nýjan leik er ráðlagt að sauma ávallt þrúfusaum á afgangsefni til að skoða hnýtinguna á saumnum.

Ráð: Fóturinn á vélinni er með merkingar sem sýna nálarstöðurnar. Notið þær sem viðmiðun þegar þið saumið.

Rúllufaldur

Rúllaður jaðar hentar vel á fint léreft, þunn kjólaefni, organsa, krep o.þ.h. Þessari áferð er náð með því að stilla tvinnaspennurnar þannig að jaðarinn rúllist undir þegar hann er overlockaður. Stillið tvinnaspennuna þannig að hún breyti því hve mikið jaðarinn rúllist niður. Þegar þið saumið þennan rúllaða jaðar þarf að stilla saumtunguna á stöðu R.

Ráð: Til að ná fram enn fallegri áferð er tilvalið að þræða efri gríparann með skrautlegum tvinna en nálina og neðri gríparann með finni venjulegum tvinna.

Ath: Saumið tvinnakeðju og prufusaumið síðan á afgangsbút af efni áður en þið saumið endanlega á efnið sjálft. Haldið lauslega í tvinnakeðjuna í upphafi saums þannig að hún flækist ekki inn í byrjun saumsins. Lágmarks overlockbreidd sem hægt er að nota í þessari aðferð er u.þ.b. 1.5 mm.

Þekjusaumur

Þennan saum er hægt að nota til að þekja, tengja saman eða nota sem yfirsaum á hálsmál eða falda neðan á T-bolum, íþróttafatnað og einnig er hægt að sauma efni saman með flötum tengisaum. Þessi saumur hentar mjög vel á teygjanleg efni en er einnig hægt að nota á venjuleg efni.

Stillingar á vél

- Takið hreyfanlega efri hnífinn (C) úr sambandi (bls. 9)
- Stillið saumtunguna á stöðu R (bls. 11).
- Fjarlægjið nálar A og B (ef þær eru í nálarhöldunni).
- Notið nálar C, D og/eða E eftir því hvaða þekjusaum á að nota.
- Takið efri gríparann úr sambandi (bls. 10).
- Fjarlægjið lokið yfir hnífunum A og setjið þekjusaumspötuna (B) á í staðinn (bls. 10). Kvörðunin á plötunni sýnir fjarlægðina frá miðnálinni í cm og tommum. Notið hana sem viðmiðun þegar þið staðsetjið jaðarinn.
- Lokið lokinu framan á vélinni.

Byrjað að sauma

- Lyftið saumfætinum
- Setjið efnið undir saumfótinn fyrir aftan nálarnar
- Lækkið saumfótinn.

Ath: Þegar þið byrjið að sauma inn á miðju efni, stillið þið efnið af undir saumfótinn þar sem þið ætlið að byrja.

Gengið frá þekjusaum í lok saums

Ekki er hægt að sauma út af jaðrinum þegar verið er að sauma þekjusaum því þá getur saumurinn raknað upp þegar togað er í gríparaþráðinn. Þess vegna þarf að ganga frá saumnum á eftirfarandi hátt:


Þegar saumað er út af jaðrinum á efninu.

1. Hnýtið tvinnana úr nálunum (2 eða 3 þræðir) fyrst saman eins og sýnt er á myndinni.
2. Hnýtið þessa tvinna við tvinnana úr gríparanum.
3. Klippið hina þræðina.

Þegar saumur er stöðvaður í miðju efni

1. Togið í nálartvinnana (2 eða 3 þræðir) á röngunni og hnýtið þá saman á sama hátt og lýst var hér á undan.
2. Klippið umfram þræðina

Ath: Að öllu jöfnu raknar sporið ekki upp í byrjun saums, en það er hins vegar ráðlagt að að ganga frá upphafi saums á sama hátt og þið gerið við sauminn þar sem þið saumið út af jaðri efnisins.



Flatsaumur


Flatsaumur er saumaður með því að sauma sauminn og toga síðan efnin í sundur til að gera sauminn flatan. Hægt er að nota flatsaum bæði sem skrautsaum, sauma tvö efni saman (venjulegi flatsaumurinn), eða sem skraut á einfalt efni (skraut-flatsaumur).

Hægt er að sauma flatsaum á tvo vegu. Annaðhvort með því að láta röngu efnisins snúa á móti röngu fyrir skrautlegt útlit, eða láta réttu snúa á móti réttu til að búa til stigaspor.



Venjulegur flatsaumur

- Notið vinstri eða hægri nálina.
- **Fyrir 2-práða flatlock setjið þið 2ja þráða sporbreytinn á (sjá bls.10).** Þræðið neðri gríparann og vinstri (A) eða hægri (B) nálina.
- **Fyrir 3-práða flatsaum: þræðið þið neðri og efri gríparann og vinstri (A) eða hægri (B) nálina.**
- Setið sjálfvirku tvinnaspennuna (tvsp) á E fyrir 2-práða flatsaum og á F fyrir 3-práða flatsaum.
- Látið røngurnar snúa saman til að sauma skrautsauminn á réttu efnisins.
- Saumið sauminn, og klippið umframefnið. Nálartvinninn myndar nokkurs konar V á røngunni. Tvinninn úr neðri gríparanum togast í beina línu á jaðrinum.
- Takið efnin í sundur og togið í þau sitt hvoru megin við sauminn til að saumurinn verði flatur.

Venjulegur flatsaumur



Skraut-flatsaumur




Skrautlegur flatsaumur

- Setjið efri hreyfanlega hnífinn í hvíldarstöðu B (sjá bls. 9). Vélin á ekki að skera jaðarinn í þessum saum.
- Farið eftir þrepum 1-3 hér að ofan.
- Brjótið efnið þannig að ranga sé á móti röngu til að sauma skrautlegan flatsaum á réttu efnisins (saumið nálægt brotlínunni).
- Staðsetjið efnið þannig að hluti saumsins saumist fyrir utan jaðarinn á brotnu brúninni.
- Takið efnin í sundur og togið í það sitt hvoru megin við sauminn til að saumurinn verði flatur.

Ráð: Tvinninn í efri gríparanum er aðalþráðurinn í flatsaumnum. Setjið þess vegna skrautlegan tvinninn í efri gríparann en venjulegan tvinninn í neðri gríparann og nálina.

Stigasaumur

Til að sauma stigasaum, saumið þið þannig að rétta snúi á móti réttu. Nálartvinninn verður aðaltvinninn í þessum saum og myndar stigann.



3-práða stigasaumur

Keðjusaumur

Keðjusaumur er saumaður með tveimur þráðum þ.e.a.s. nálartvinna og einum gríparaþræði, (og má þess vegna ekki rugla honum saman við keðjusaum með einum þræði, eða svokallaðan pokasaum sem er mjög auðvelt að rekja upp). Algengast er að láta vélina skera jaðarinn um leið og saumað er, en einnig er hægt að sauma þennan saum aðeins innar með því að láta vélina ekki skera jaðarinn, en þá þarf að taka efri hreyfanlega hnífinn úr sambandi og setja borðið B á vélina (sjá bls. 9-10).



Slökkvið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi.

Stillingar á vél

- Takið hreyfanlega efri hnífinn úr sambandi (sjá bls. 9).
- Takið efri gríparann úr sambandi (sjá bls. 10).
- Fjarlægjið lokið A yfir hnífnum og setjið þekjusaumsborðið B á vélina í staðinn (sjá bls. 10). Mælistikurnar á borðinu sýna fjarlægðina að miðnálinni í cm. og tommum. Notið þær sem stýringu þegar þið staðsetjið jaðarsbrúnina.

Byrjun og lok saums

Þegar þið byrjið að sauma eftir að hafa þrætt vélina, saumið þið 2-3cm á afgangsefni og keðjið síðan út af því til að mynda keðjuna. Þegar þið komið að lok saumsins togið þið lauslega í efnið um leið og þið látið vélina keðja út af jaðrinum.

Ráðleggingar um sauma

Lekasaumur

Saumið falleg lek á efnið áður en þið sníðið það í flíkina. Notið hægri nálina og stillið tvst (tvinnastillinguna) á A fyrir 3ja þráða mjótt overlock.

Ath: Einnig er hægt að nota rúllaðan jaðar fyrir þessa tækni.

- Takið hreyfanlega efri hnífinn úr sambandi (sjá bls. 9)
- Merkið fyrir þeim fjölda af lekum sem þið ætlið að sauma með merkipenna sem merkingin leysist upp í vatni.
- Brjótið efnið saman röngu á móti röngu og saumið.
- Strauið lekin öll í sömu átt.


Saumað í hringi

(hentar aðeins fyrir þykk eða meðalþykk efni)

Framlengingarborðið er með 13 göt, sem notuð er fyrir sauma í hring.

Saumið í hringi og hafið hreyfanlega efri hnífinn í sambandi (staða A - sjá bls.9) til að sauma fallegann jaðar, eða hafið hnífinn ekki í sambandi (staða B) og saumið í hring á þegar tilklippt efni.

- Merkið punkt á miðjuna á efninu og setjið undir-leggsefni undir efnið.
- Þrýstið pinnann (A) í gegn um merкта svæðið. Stingið pinnann síðan niður um hentugt gat á borðplötunni. Setjið mótstykkið (B) á pinnann að neðan
- Lækkið saumfótinn og saumið. Vélina flytur efnið nú í hring í kring um pinnann.
- Þegar hringnum er lokið, saumið þið nokkra cm. inn á byrjunarsauminn. Þræðið endann á lykkjunni í handnál með stóru auga og þræðið endann niður á röguna og gangið frá honum þar.




Gengið frá endalykkju í keðjusaum

Þræðið endalykkjurnar í grófa handsaumanál. Þræðið hana inn í endann á saumnum sjálfum og gangið frá endanum þar.

Búið til fléttubönd með keðjufléttunni

1. Takið hreyfanlega efri hnífinn úr sambandi (sjá bls. 9).
2. Setjið snúru, t.d. ullargarn eða mjó twill bönd í gegn um gatið framan á saumfætinum.
3. Staðsetjið snúruna undir saumfótinn og saumið í óskaða lengd.
4. Svona fléttubönd er hægt að nota ein sér eða fléttuð saman í þreföld eða fjórföld fléttubönd.




Sporbreiddin stillt

Hægt er að breyta sporbreiddinni með því að nota mismunandi nálur og/eða með því að færa skurðarbreiddina til.


Sporbreiddinni breytt með því að nota mismunandi nálarstöðu

- A) Þegar vinstri nálin er notuð eða ef báðar nálar eru notaðar verður saumbreiddin 6mm.
- B) Þegar hægri nálin er notuð eingöngu verður breiddin 4 mm.
- C) Þegar keðjusporsnálnin er notuð verður saumbreiddin 9 mm.


A) Vinstri nál



B) Hægri nál



C) Keðjusaums nál




Skurðarbreiddinni breytt

Með stillinum fyrir skurðarbreidd er hægt að fínstilla skurðarbreiddina innan eftirfarandi breidda.

- Þegar aðeins er verið að nota vinstri nál; 5 - 7 mm
- Þegar aðeins er verið að nota hægri nál; 3 - 5 mm
- Þegar verið er að nota keðjusaumsnál; 8 - 10 mm

Snúið stillinum til að stilla á saumbreidd. Venjulega stillingin er 6,0.




Stilling á fótprýsting

Prýstingurinn á saumfótinn fyrir allar venjulegar aðstæður ætti að vera stilltur á 2.5. Þessu gæti þurft að breyta og fer það eftir efnum sem verið er að sauma. Þið gætuð þurft að auka hann eða minnka hann þar til þið verðið ánægð með árangurinn. Saumið ávallt þrífusaum áður en þið byrjið að sauma flíkina sjálfa saman.

Minni þrýstingur: Minnkið þrýstinginn með því að snúa stillinum rangsælis á gildi á milli 2,5 og 1.

Meiri þrýstingur: Aukið þrýstinginn með því að snúa stillinum réttsælis á gildi á milli 2,5 og 5.

Aftur á grunnstillingu: Snúið stillinum þar til merkið er á móts við 2.5.




Stilling á sporlengd

Algengasta stillingin á sporlengdarstillinum ætti að vera á móts við 2,5 mm, sem hentar fyrir flesta sauma.

Stillið á lengra spor t.d. allt að 4 mm þegar þið saumið þykki efni.

Stillið á styttra spor t.d. allt að 2 mm þegar þið saumið þunn efni.



Stilling á mismunaflutningi

Flytjarakerfið á vélinni er byggt upp af tveimur flytjum - aðalflytjara og mismunaflytjara og báðir vinna sjálfstætt og óháðir hinum og með þeim er því hægt að ná fullkomnum árangri þegar sauma þarf sérstök efni. Hægt er að breyta flutningnum á fremri flytjaranum í samanburði við aftari flytjarann og láta hann þannig annaðhvort "teygja" eða "þjappa" efnunum saman. Notið mismunaflytjarann til að koma í veg fyrir að teygist á efnum eða til að þjappa efnum saman áður en vélin saumar þau saman. Mismunaflutningurinn er stilltur sér fyrir hvern saum og stilltur eftir efninu sem valið er.


Fyrir algengt overlock á venjuleg efni stillið þið mismunaflytjarann á 1.0.






Efnum þjappað saman (teygjanlegt prjón og jersey)

Þegar verið er að sauma teygjanleg efni eins og prjón og jersey, þá stillið þið mismunaflytjarann á svæðinu á milli 1.0 og 2.0. Stillingin fer eftir efnunum sem verið er að sauma og hversu mikið þið viljið þjappa þeim saman. Saumið ávallt prufusaum áður en þið saumið sjálfa flíkina.

Teygt á efnum (þynnri efni)

Þegar þið eruð að kasta jaðra á þunnum ofnum og lausprjónuðum þunnum efnum, eins og silki og álíka þunnum efnum, stillið þið mismunaflutninginn á svæðinu á milli 0,6 og 1.0. Á meðan þið saumið er ráðlagt að mynda væga spennu á efnin með því að halda við þau fyrir framan og aftan saumfótinn. Stillingin er háð efnunum og einnig hversu mikið á að teygja á efnunum. Saumið prufusauma með mismunandi stillingum til að finna bestu lausnina.



Efni	Mismunaflytjari 1.0	Stillingar	Árangur
Teygjanleg efni (Prjón, jersey)		1.0 - 2.0	
Ofin efni (Buxnaefni, denim)		1.0	
Þunn efni (Silki, silkprjón)		0.6 - 1.0	

Fínstillingar á tvinnaspennum

Tvinnastillingar stilla sig sjálfkrafa um leið og þið veljið ákveðið spor og fer það fram í gegn um sjálfvirkur tvinnastillingarnar (tvsp), en þið gætuð þurft að fínstilla þær eftir;

- Tegund og grófleika efnisins
- Nálargrófleika
- Grófleika, tegund og efnisinnihaldi tvinnans

2-þráða overlock	
Pegar tvinninn úr neðri gríparanum er allur á röngunni.	Færið fínstillinguna fyrir neðri gríparann (gul) á hærri tölu. Eða, færið fínstillinguna fyrir nálartvinnann (blá eða græn) á lægri tölu.
Pegar tvinninn úr nálinni er of laus	Færið fínstillinguna fyrir nálartvinnann (blá eða græn) á hærri tölu. Eða færið fínstillinguna fyrir neðri gríparann (gul) á lægri tölu.

2-þráða vafið overlock	
Pegar tvinninn úr neðri gríparanum er of stífur eða tvinninn úr nálinni er of laus	Færið fínstillinguna fyrir neðri gríparann (gul) á lægri tölu. Eða, færið fínstillinguna fyrir nálina (blá eða græn) á hærri tölu..
Pegar tvinninn úr neðri gríparanum er of laus	Færið fínstillinguna fyrir neðri gríparann (gul) á hærri tölu.

3-þráða flatsaumur	
Pegar tvinninn úr neðri gríparanum er of laus	Færið fínstillinguna fyrir neðri gríparann (gul) á hærri tölu. Eða, færið fínstillinguna fyrir nálartvinnann (blá eða græn) á lægri tölu.
Pegar tvinninn úr efri gríparanum er of laus	Færið fínstillinguna fyrir efri gríparann (rauð) á hærri tölu. Eða, færið fínstillinguna fyrir nálartvinnann (blá eða græn) á lægri tölu.
Pegar tvinninn úr nálinni er of laus	Færið fínstillinguna fyrir nálartvinnann (blá eða græn) á hærri tölu. Eða, færið fínstillinguna fyrir efri gríparann (rauð) á lægri tölu.

3-þráða overlock	
Pegar tvinninn úr efri gríparanum er allur á röngunni.	Færið fínstillinguna fyrir efri gríparann (rauð) á hærri tölu. Eða, færið fínstillinguna fyrir neðri gríparann (gul) á lægri tölu.
Pegar tvinninn úr neðri gríparanum er allur á réttunni.	Færið fínstillinguna fyrir neðri gríparann (gul) á hærri tölu. Eða, færið fínstillinguna fyrir efri gríparann (rauð) á lægri tölu.
Pegar nálartvinninn er of laus	Færið fínstillinguna fyrir nálina (blá eða græn) á hærri tölu.

4-þráða overlock	
Pegar tvinninn úr efri gríparanum er allur á röngunni	Færið fínstillinguna fyrir efri gríparann (rauð) á hærri tölu. Eða, færið fínstillinguna fyrir neðri gríparann (gul) á lægri tölu.
Pegar tvinninn úr neðri gríparanum er allur á réttunni	Færið fínstillinguna fyrir neðri gríparann (gul) á hærri tölu Eða færið fínstillinguna fyrir efri gríparann (rauð) á lægri tölu.
Pegar vinstri nálartvinninn er of laus	Færið fínstillinguna fyrir vinstri nálina (blá) á hærri tölu.
Pegar hægri nálartvinninn er of laus	Færið fínstillinguna fyrir hægri nálina (græn) á hærri tölu.

Öryggissaumur	
Pegar tvinninn úr neðri gríparanum er of laus	Færið fínstillinguna fyrir neðri gríparann (gul) á hærri tölu..
Pegar tvinninn úr efri gríparanum er allur á röngunni	Færið fínstillinguna fyrir efri gríparann (rauð) á hærri tölu. Eða, færið fínstillinguna fyrir neðri gríparann (gul) á lægri tölu.
Pegar tvinninn úr neðri gríparanum er allur á réttunni	Færið fínstillinguna fyrir neðri gríparann (gul) á hærri tölu. Eða, færið fínstillinguna fyrir efri gríparann (rauð) á lægri tölu.
Pegar hægri nálartvinninn er of laus	Færið fínstillinguna fyrir hægri nálina (græn) á hærri tölu.
Pegar nálartvinninn fyrir keðjusauminn er of laus	Færið fínstillinguna fyrir keðjusaumsnálina (blá) á hærri tölu. Eða, færið tvinnastillinguna fyrir keðjusaumsgríparann (fjólublá) á lægri tölu.

Keðjusaumur	
Pegar nálartvinninn í keðjusaumnum er of laus	Færið fínstillinguna fyrir nálartvinnann (blá) á hærri tölu. Eða, færið fínstillinguna fyrir keðjusaumsgríparann (fjólublá) á lægri tölu.

Þekjusaumur	
Pegar grípartvinninn í þekjusaumnum er of laus	Færið fínstillinguna fyrir gríparann (fjólublá) á hærri tölu.
Pegar vinstri nálartvinninn í þekjusaumnum er of laus	Færið fínstillinguna fyrir vinstri nálartvinnann (blá) á hærri tölu. Eða, færið fínstillinguna fyrir gríparatvinnann (fjólublá) á lægri tölu.
Pegar miðju nálartvinninn í þekjusaumnum er of laus	Færið fínstillinguna fyrir mið nálina (græn) á hærri tölu. Eða, færið fínstillinguna fyrir gríparatvinnann (fjólublá) á lægri tölu.
Pegar hægri nálartvinninn í þekjusaumnum er of laus	Færið fínstillinguna fyrir hægri nálartvinnann (rauð) á hærri tölu. Eða, færið fínstillinguna fyrir gríparatvinnann (fjólublá) á lægri tölu.
Pegir réttan á efninu bólgnar upp á milli nálanna og saumurinn á röngunni lítur út fyrir að vera mjög stífur.	Færið fínstillinguna á gríparatvinnanum (fjólublá) á lægri tölu. .

Viðhald og hreinsun


Overlockvél þarfnast meiri umhirðu en venjuleg saumavél og það af eftirfarandi ástæðum:

- Mikil ló myndast þegar hnífarnir skera utan af efnunum.
- Overlockvél saumar á meiri hraða en venjuleg saumavél.



Slökkvið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi.

- Opnið lokið framan á vélinni og hreinsið alla ló með hreinsiburstanum.
- Lokið lokinu og strjúkið yfirborð vélarinnar með mjúkum klút til að fjarlægja allt ryk og ló.



Smurning




Slökkvið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi.

Til að vélin gangi mjúkt og hljóðlega þarf að smyrja alla þá hluti sem hringirnir á myndinni benda á oft en samt lítið í einu.

Notið olíuna sem fylgir með vélinni, en þegar hún er búin þarf að kaupa saumavélaolíu - notið aldrei aðra olíu því hún getur skemmt vélina.

Strjúkið af hlutunum sem þið smyrjið til að hreinsa upp alla aukalega olíu sem hefur smitast út frá stöðunum sem smurðir eru.




Skipt um hreyfanlega efri hnífinn



Slökkvið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi.

Skipta þarf um efri hreyfanlega hnífinn þegar hann verður bitlaus. Farið að eins og hér verður lýst. Ef þið lendið í vand-ræðum getið þið haft samband við næsta PFAFF umboð.

- Opnið lokið framan á vélinni og setjið efri hreyfanlega hnífinn (1) í stöðu A (sjá bls. 9).
- Losið um festiskrúfuna (2) og fjarlægið efri hnífinn (1).
- Snúið handhjólinu þar til haldan fyrir efri hnífinn er í neðstu stöðu.
- Setjið nýjan hníf í raufina á hnífhöldunni og herðið á festiskrúfunni (2).
- Fullvissið ykkur um að fremri brúnnin á efri hreyfanlega hnífnum sé 0,5-1,0 mm fyrir neðan brúnnina á fasta neðri hnífnum (3).



Skipt um peru




Slökkvðið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi.

Fullvissið ykkur um að peran í vélinni hafi kólnað áður en þið skiptið um hana.

Setjið lokið aftur á vélina áður en þið tengið vélina við rafmagn.

Notið aðeins peru af sömu gerð og peran má ekki vera sterkari en 15 W. Þið fáið réttu peruna hjá PFAFF umboðinu.

- Fjarlægið lokið yfir perunni - þrýstið aðeins á lokið aftur á bak um leið og þið sveiflið því aðeins til vinstri og fjarlægið það af vélinni eins og myndin sýnir.
- Þrýstið aðeins á peruna og snúið henni til vinstri og fjarlægið hana.
- Þrýstið aðeins á nýju peruna inn í perustæðið og snúið henni til hægri.



Geymsla

Þegar vélin er ekki í notkun fullvissið ykkur þá um að hún sé ekki tengd við rafmagn. Setjið yfirbreiðsluna yfir hana til að verja hana fyrir ryki. Geymið hana síðan þar sem hún verður ekki fyrir sólargeislum eða raka.

PFAFF Þjónustan

Ef ykkur vantar einhverjar upplýsingar eða ráðleggingar hafið þá samband við PFAFF þjónustuna.

Gangtruflanir og ráð við þeim

Vandamál	Lausn
Vélin flytur efnið illa	- Lengið sporlengdina. - Aukið þrýstinginn á saumfótinn þegar þið saumið þykk efni. - Minnkið þrýstinginn á saumfótinn þegar þið saumið þunn efni. - Athugið stillingarnar á mismunaflytjaranum.
Nálar brotna	- Setjið nálina rétt í vélina. - Togið ekki í efnið þegar þið saumið. - Herðið nálarnar í nálahöldunni. - Notið grófari nál fyrir gróf og þykk efni.
Tvinninn slitnar	- Yfirfarið þræðingarnar. - Athugið hvort tvinninn hafi flækst eða krækst í eitthvað. - Setjið nálarnar rétt í vélina. - Skiptið um nál, nálin gæti verið bogin eða oddlaus. - Notið aðeins gæðatvinna. - Losið á tvinnaspennum.
Vélin hleypur yfir	- Setjið nýja nál í vélina, nálin gæti verið oddlaus. - Herðið á skrófunni sem heldur nálinni. - Setjið nálina rétt í vélina. - Skiptið um nál - notið rétta nálargund. - Yfirfarið þræðingarnar. - Aukið þrýstinginn á saumfótinn. - Notið aðeins gæðatvinna.
Óregluleg spor	- Stillið tvinnaspennum. - Athugið hvort tvinninn hafi flækst eða krækst í eitthvað. - Yfirfarið þræðingarnar.
Efnið rykkist	- Losið um tvinnaspennum. - Athugið hvort tvinninn hafi flækst eða krækst í eitthvað. - Notið aðeins gæðatvinna. - Styttið sporlengdina. - Minnkið þrýsting á saumfótinn þegar þið saumið þunn efni. - Athugið stillingarnar á mismunaflytjaranum.
Óreglulegur skurður á efninu	- Yfirfarið stillingarnar á hnífum. - Skiptið um annan eða báða hnífana.
Efnið festist eða flækist	- Athugið hvort tvinninn hafi flækst eða krækst í eitthvað. - Þrýstið saman þykkum og mjúkum efnum með því að sauma þau fyrst saman í venjulegri saumavél, áður en þið setjið það í overlockvélin.
Vélin fer ekki í gang	- Athugið tengingu við rafmagn.

Tæknilegar upplýsingar

Saumahraði	1100 spor/mínútu
Sporlengd	1.0 - 4.0 mm
Hlutfall mismunaflutnings	1:0.6 - 1:2
Overlock sporbreidd	Vinstri nál: 5 - 7 mm Hægri nál: 3 - 5 mm Þekjusaumur: 3 - 6 mm
Lyfting á saumfæti	4.5 mm
Nálar	INSPIRA™ Tegund ELx705 nr 80 og 90
Fjöldi nála	3, 2, 1
Fjöldi tvinnapráða	2, 3, 4,5
Mál á vél Lengd Breidd Hæð	404 mm 320 mm 326 mm
Þyngd	9.32 kg

Við áskiljum okkur rétt til að breyta hönnun vélarinnar og þeim fylgihlutum sem fylgja henni og það án fyrirvara. Slíkar breytingar munu hins vegar ávallt verða viðskiptavinum okkar til hagræðis.

Vitsmunalegar eignir :

PFAFF, KEEPING THE WORLD SEWING & Design, COVERLOCK, SEWING ADVISOR, og INSPIRA eru vörumerki KSIN í Luxembourg II, S.ar.l.

Öll vörumerkin eru notuð samkvæmt leyfi frá VSM Group AB.



Athugið að þegar þessi vél verður fargað þarf að gera það í samræmi við förgunarreglur og reglur um endurvinnslu viðkomandi lands.

